



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 92-13100, 13101

166.

FUNDUR SKÓLANEFNDAR

28. nóvember 1991

Mættir: Sigríður Jóhannsdóttir, formaður, Guðbjörg Ingi-
mundardóttir, Kristbjörn Albertsson, Gísli Torfason,
Þorvaldur Sigurðsson og Hjálmar Árnason, skólameistari.

Dagskrá: 1. Lok haustannar og upphaf vorannar
2. Ákvörðun um nemendagjöld
3. Reglur um sjóði í eigu FS
4. Byggingamál
5. Mötuneyti nemenda
6. Önnur mál

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Lok haustannar og upphaf vorannar 1992.

Próf hefjast þann 4. desember og stefnt er að útskrift 20. desember kl. 16.00. Útskriftarnemar eru um 50, þar af helmingurinn stúdentar. Innritun fyrir vorönn er lokið, vel yfir 600 nemendur hafa sótt um. Nokkrar umsóknir hafa borist eftir að umsóknarfresti lauk og nokkrir nemendur sem nú eru í skólanum hafa ekki sótt um enn. Þessar umsóknir verða geymdar þar til búið er að afgreiða þær sem bárust á réttum tíma eins og venjulega. Verið er að vinna að **kennsluskiptingu**. Kennslumagn verður svipað og á þessari önn. Ráðuneytið áttlar 600 nemendur í dagskóla og 100 í kvöldskóla, sent hefur verið erindi til að fá þetta leiðrétt í samræmi við raunverulegar tölur og hefur fengist munnleg staðfesting á því að taka megi inn alla nemendur sem sækja um á réttum tíma. Fjármáladeild menntamálaráðuneytis boðar á sama tíma **niðurskurð** í **fullorðinsfræðslu** og óskir hafa borist úr ráðuneyti um að **meistaránám** hefjist við skólann á næstu önn. Ákveðið var að senda bréf til ráðuneytis um þetta mál þar sem óskir um aukinn kvóta eru ítrekaðar en niðurskurður verði ella staðfestur af ráðuneyti skriflega. Auglýsa þarf eftir **kennurum** í efnafræði og stundakennslu. **Skólastarfið 1992** hefst 6. janúar með kennarafundi, þann 7. verður árviss samstarfsfundur með Fjölbrautaskóla Vesturlands, Fjölbrautaskóla Suðurlands og Flensborgarskóla og þann 8. verður samstarfsfundur kennarar á Suðurnesjum. **Stundatöflur** verða afhentar 9. og 10. og kennsla hefst af fullum krafti þann 13. Í byrjun mars er gert ráð fyrir að kennsla falli niður í viku, þá gefst nemendum kostur á að hafa starfsdaga og kennarar munu vinna að **þróunarstörfum**.

2. **Ákvörðun um nemendagjöld.**

Skólameistari leggur til að nemendagjöld verði þau sömu og á síðustu önn og var það **samþykkt**. Gíróseðill verður sendur til nemenda með fyrirvara um aðra ákvörðun Alþingis.

3. **Reglur um sjóði í eigu FS.**

Samkvæmt lögum um framhaldsskóla ber skólanefnd að samþykkja skipulagsskrár sjóða í eigu skólans. Lagðar voru fram tillögur að skipulagsskrám fjögurra sjóða sem til eru í skólanum í dag og voru þær **samþykktar** með smá- orðalagsbreytingum með öllum greiddum atkvæðum, einn sat hjá.

4. **Byggingamál.**

Verktaki er um þrem vikum á eftir áætlun. Bygginganefnd hefur ákveðið að bíða og sjá hver staðan verður um áramót. Nú er verið að vinna að **útboði í búnað**.


5. **Mötuneyti nemenda.**

Bygginganefnd hefur markað þá stefnu að hafa svipaða þjónustu í nýju mötuneyti nemenda og er í dag en leggja allar nauðsynlegar **lagnir** ef ákveðið verður síðar meir að hafa fullbúið eldhús í skólanum. Skólanefnd **leggur blessun sína** yfir stefnu bygginganefndar. Stefnt er að því að **bjóða út** rekstur mötuneytisins næsta haust.

6. **Önnur mál.**

- a) **Námskeið** fyrir fólk frá Filipseyjum, sem haldið var fyrr á þessu ári undir leiðsögn Jóns Gröndal úr Grindavík, tókst mjög vel og hefur þetta fólk nú farið fram á framhaldsnámskeið. Menntamálaráðuneytið hefur samþykkt greiðslur til þessa verkefnis og hefst það á næstu önn.
- b) Skólameistari leggur til að sótt verði um **styrk** í Listskreytingasjóð ríkisins vegna nýbyggingarinnar. Formanni og skólameistara falið að sjá um það.
- c) Erindi hefur borist frá formanni Iðnnemasambandsins um að **árgjald** til sambandsins verði innheimt með nemendagjöldum skólans. Erindinu **hafnað** en allar upplýsingar um iðnnema, sem eru í námi í FS, má fá hjá Sparisjóðnum eða áfangastjóra skólans.
- d) Skólanefnd hefur borist bréf frá Menntamálaráðuneytinu um að Magnús B. Hallbjörnsson hafi hlotið **skipun** í stöðu frá 1. ágúst 1991.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Sigríður Jóhannesdóttir
formaður


Hulda Björk Þorkelsdóttir
fundarritari

Skipulagsskrá fyrir Jöfnunarsjóð Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

1. gr.

Tekjur sjóðsins eru: a) hluti af innritunargjöldum nemenda, samkvæmt nánari ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57,1988 (með breytingum í lögum 107, 1988 og 72, 1989) og 15. gr. reglugerðar um framhaldsskóla nr. 105,1990.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100.000.- - eitthundraðþúsundkrónur -.

2. gr.

Höfuðstóllinn, kr. 100.000.-, skal haldast óskertur en vöxtum og öðrum tekjum, sbr. 1. gr., skal varið til hvers eins, sem talið er nemendum eða starfsfólki til ~~menningarauka~~, eftir ákvörðun sjóðsstjórnar.

hagsbóta

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Skólameistari, fulltrúi NFS og fjármálastjóri FS.

4. gr.

Sjóðurinn er í vörslu fjármálastjóra FS sem sér um bókhald og reikningsskil.

5. gr.

Komi til þess að sjóðurinn verði lagður niður skal eignum hans að frádregnum nauðsynlegum kostnaði varið til kaupa á bókum í bókasafn Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

6. gr.

Allar breytingar á skipulagi eða markmiðum sjóðsins skulu staðfestar af skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Skipulagsskrá fyrir Skólasjóð Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

1. gr.

Tekjur sjóðsins eru: hluti af innritunargjöldum nemenda, samkvæmt nánari ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57, 1988 (með breytingum í lögum 107, 1988 og 72, 1989) og 15. gr. reglugerðar um framhaldsskóla nr. 105, 1990.

Stofnfé sjóðsins er kr. 100.000.- - eitthundraðþúsundkrónur -.

2. gr.

Höfuðstóllinn, kr. 100.000.-, skal óskertur en vöxtum og öðrum tekjum skal skólameistari ráðstafa í þágu skólans.

3. gr.

Sjóðurinn er í vörslu fjármálastjóra FS sem sér um bókhald og reikningsskil.

4. gr.

Komi til þess að sjóðurinn verði lagður niður skal eignum hans að frádregnum nauðsynlegum kostnaði varið til kaupa á kennslutækjum fyrir Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

5. gr.

Allar breytingar á skipulagi eða markmiðum sjóðsins skulu staðfestar af skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

1. gr.

Tekjur sjóðsins eru: hluti af innritunargjöldum nemenda, samkvæmt nánari ákvörðun skólanefndar, sbr. 8. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57, 1988 (með breytingum í lögum 107, 1988 og 72, 1989) og 15. gr. reglugerðar um framhaldsskóla nr. 105, 1990. Stofnfé sjóðsins er kr. 25.000.- - tuttuguogfimmþúsundkrónur -

2. gr.

Höfuðstóllinn, kr. 25.000.-, skal óskertur en vöxtum og öðrum tekjum sbr. 1. gr. skal eftir ákvörðun sjóðsstjórnar og að því marki sem hverju sinni er ákveðið varið til menningarstarfsemi á vegum Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: skólameistari, fulltrúi NFS og listgreinakennari við FS.

4. gr.

Sjóðurinn er í vörslu fjármálastjóra sem sér um bókhald og reikningsskil.

5. gr.

Komi til þess að sjóðurinn verði lagður niður skal eignum hans að frádregnum nauðsynlegum kostnaði varið til kaupa á listmunum fyrir Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

6. gr.

Allar breytingar á skipulagi eða markmiðum sjóðsins skulu staðfestar af skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Skipulagsskrá fyrir Gjafasjóð Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

1. gr.

Tekjur sjóðsins eru: frjáls framlög einstaklinga og fyrirtækja.

2. gr.

Tekjum sjóðsins skal varið til þeirra hluta er gefendur kveða á um.

3. gr.

Skólameistari og fjármálastjóri skulu sjá til þess að framlögum í sjóðinn sé varið samkvæmt óskum gefenda og að höfðu samráði við viðkomandi deildarstjóra.

4. gr.

Sjóðurinn er í vörslu fjármálastjóra sem sér um bókhald og reikningsskil.

5. gr.

Komi til þess að sjóðurinn verði lagður niður skal eignum hans að frádregnum nauðsynlegum kostnaði varið í þágu Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

6. gr.

Allar breytingar á skipulagi eða markmiðum sjóðsins skulu staðfestar af skólanefnd Fjölbrautaskóla Suðurnesja.